

1945

Fimmtudaginn 3. desember 1992.

Nr. 230/1991. **Hörður Bjarnason**

gegn

Þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúna hf.

Skiptaréttur. Vinnulaun. Sjóveðsréttur. Skriflega flutt mál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júní 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 31. maí s. á. Samkvæmt 3. mgr. 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. sætir málið meðferð áfrýjunarmála. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sótt þing í málinu, og er það því skriflega flutt samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 513.613,64 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir kröfunni í v/s Sigrúnu, ÍS-900.

I.

Áfrýjandi var skipverji á nefndu skipi og var sagt upp störfum 13. nóvember 1988. Krafði hann eiganda skipsins, Útgerðarfélagið Ásrúna hf., um laun fyrir tímabilið 20. september 1988 til 13. nóvember s. á. svo og um laun í uppsagnarfresti fram til 13. janúar 1989, samtals 631.533 krónur.

Með úrskurði skiptaréttar Ísafjarðar, sem kveðinn var upp 29. mars 1989, var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta. Auglýsing um þau birtist í 47. og 50. tbl. Lögbirtingablaðs 1989. Innköllunarfrestur var til 19. júní s. á. Hinn 29. júní lýsti sóknaraðili launa-kröfu sinni í þrotabúið, og var hún móttækin af skiptaráðanda sama dag. Kröfunni var hafnað sem of seint fram kominni.

Með stefnu, birtri 13. október 1989, höfðaði sóknaraðili mál á bæjarþingi Ísafjarðar gegn þrotabúinu og krafðist dóms fyrir umræddri kröfu, sem þá hafði verið lækkuð í 513.613,64 krónur. Jafnframt krafðist hann viðurkenningar á sjóveðsrétti fyrir kröfunni í fyrrnefndu skipi. Með dómi bæjarþings 23. janúar 1990 var

kröfunni vísað frá sökum þess, að málið ætti að sæta lögsögu skiptaréttar.

Hinn 15. febrúar 1990 lýsti sóknaraðili að nýju kröfu sinni fyrir skiptarétti Ísafjarðar og krafðist úrskurðar um réttmæti hennar og viðurkenningar á sjóveðsrétti. Var stofnað til sérstaks skiptaréttarmáls 26. apríl 1990 og dómur í því kveðinn upp 1. mars 1991. Var kröfunni hafnað með þeim rökum, að henni hefði verið lýst of seint. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem vísaði kærumálinu frá með dómi 24. apríl 1991, þar sem úrskurðurinn sætti ekki kæru. Var úrskurðinum þá áfrýjað til Hæstaréttar.

Hinn 15. febrúar 1990 lýsti áfrýjandi fyrir uppboðshaldaranum á Ísafirði umræddri kröfu sinni í söluandvirði v/s Sigrúnar, ÍS-900, en skipið hafði verið selt á nauðungaruppboði 6. desember 1988, boð hæstbjóðanda samþykkt 12. sama mánaðar og uppboðsafsal gefið út 31. október 1989. Með bréfi uppboðshaldara 27. mars 1990 var kröfunni hafnað. Var vísað í bréfinu til uppboðsafsalsins og þess, að við kynningu á drögum að því í þinghaldi í uppboðsrétti 31. október 1989 hefðu engar athugasemdir við það komið fram.

II.

Áfrýjandi reisir kröfur sínar á því, að ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, sem fjallar um réttaráhrif þess, ef kröfu er ekki lýst í þrotabú innan kröfulýsingarfrests, einskorðist við kröfur, sem ekki eru tryggðar með veði. Af því leiði, að veðkrafa falli ekki niður, þótt henni sé lýst eftir kröfulýsingarfrest. Þá vísar áfrýjandi til fyrirvara í uppboðsafsali fyrir v/s Sigrúnu þess efnis, að kaupanda skipsins hafi verið kunnugt um, að lögveð kynnu að hvíla á því. Túlka beri fyrirvarann þannig, að kaupandi hafi tekið á sig að sæta lögveðsréttindum, sem á skipinu hvíldu við nauðungarsölu þess, og að þau hvíli áfram á því, hafi þeim verið löglega við haldið. Heldur áfrýjandi því fram, að sú sé raunin um sjóveðsrétt fyrir kröfu sinni. Þess vegna sé hún í fullu gildi gagnvart stefnda.

III.

Launakröfu skipverja fylgir sjóveðsréttur í skipi samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Samkvæmt 1. mgr. 202. gr. laganna fellur sá réttur niður, fari nauðungarsala fram á skipi hér á landi. Svo sem áður greinir, var v/s Sigrún, ÍS-900, selt á

nauðungaruppboði í desember 1988, meira en hálfu ári áður en áfrýjandi lýsti kröfu sinni í þrotabú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. Áfrýjandi hafði þá engar ráðstafanir gert í því skyni að viðhalda sjóveðsrétti fyrir kröfunni. Hann var því löngu fallinn niður, þegar kröfunni var lýst í þrotabúið. Samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga kom krafan að liðnum kröfulýsingarfresti og glötuðum sjóveðsrétti fyrir henni ekki til greina við úthlutun úr búinu, enda lét áfrýjandi ekki reyna á þann kost, sem honum gafst samkvæmt 111. gr., til að leita samþykkis kröfuhafa í búinu fyrir afbrigðum frá lög-mæltum kröfulýsingarfresti.

Samkvæmt þessu er ljóst, að sóknaraðili hélt kröfum sínum ekki til réttra laga. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er ekki gerð grein fyrir málsástæðum sóknaraðila, og ekki er tekin afstaða til kröfu hans um málskostnað. Ber að átella þetta.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera órsakaður.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 1. mars 1991.

Garðar Briem hrl. hefur fyrir hönd Harðar Bjarnasonar lagt fram kröfu í skiptarétti Ísafjarðar:

1. um greiðslu launa fyrir störf á vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, og launa í uppsagnarfresti samkvæmt kjarasamningi ásamt hæstu dráttarvöxtum frá útborgunardegi hverrar launagreiðslu til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt texta LMFÍ,

2. um, að staðfestur verði sjóveðsréttur Harðar Bjarnasonar í vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, fyrir ofangreindri kröfu.

Málavextir samkvæmt greinargerð eru þeir, að 13. október 1989 var höfðað mál á hendur skiptaráðanda á Ísafirði f. h. þrotabús Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. vegna ofangreindrar kröfu fyrir bæjarþingi Ísafjarðar.

Dómur var kveðinn upp í máli þessu 23. janúar 1990 og málinu vísað frá dómi, þar sem kröfugerðin ætti undir skiptarétt. Í framhaldi af dóminum var kröfu lýst í bú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. og jafnframt lýst kröfu í uppboðsandvirði vélskipins Sigrúnar, ÍS-900.

Í kröfulýsingu er kröfunni nákvæmlega lýst og jafnframt komið á framfæri þeirri skoðun, að fyrningu lögveðs samkvæmt siglingalögum hafi verið réttilega slitið með framangreindri málshöfðun, og jafnframt er vísað til sérstöðu kröfunnar samkvæmt 111. gr. gjaldþrotaskiptalaga, hvað varðar kröfulýsingarfrest.

Í 3. grein uppboðsafsals fyrir vélskipinu Sigrúnu, ÍS-900, kemur fram, að lögveðskröfu hafi verið lýst í þrotabú Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf., sem ekki hafi verið tekin afstaða til. Er tekið fram, að uppboðskaupanda sé kunnugt um þessa lögveðskröfu.

Í greinargerð stefnanda er talið, að túlka beri framangreindan skildaga á þann veg, að hann sé fyrirvari þess efnis, að uppboðskaupendum sé kunnugt um, að lögveð hvíli á skipinu, sem eftir eigi að úrskurða um.

Niðurstaða.

Úrskurður um gjaldþrotaskipti á þrotabúi Útgerðarfélagsins Ásrúnar hf. var kveðinn upp í skiptarétti Ísafjarðar 29. mars 1989. Kröfulýsingarfrestur var til 19. júní 1989.

Kröfulýsing stefnanda í máli þessu er móttækin í skiptarétti Ísafjarðar 29. júní 1989, sama dag og fyrsti skiptafundur er haldinn í þrotabúinu.

Í siglingalögum, 197. grein, 1. mgr., segir, að laun og önnur þóknun, sem skipstjóri, skipverjar og aðrir þeir, sem á skip eru ráðnir, eiga rétt á fyrir störf um borð, séu tryggð með sjóveðsrétti í skipi.

Í sömu lögum, 201. grein, segir, að sjóveðsréttur fyrnist, ef honum er ekki fylgt eftir með lögsókn innan eins árs, frá því að krafa stofnaðist.

Í sömu lögum, 202. grein, segir, að fari fram nauðungarsala á skipi hér á landi, falli niður sjóveðsréttindi, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft í skipinu.

Uppboðsafsali er gefið út 31. október 1989.

Þar sem krafa um laun þau, sem hér er fjallað um, barst ekki skiptarétti Ísafjarðar fyrr en 10 dögum eftir, að kröfulýsingarfrestur rann út, þykir ekki unnt að taka hana til greina, en samkvæmt 111. gr. gjaldþrotalaga hefði verið kleift að taka hana til greina, ef samþykkis 75% eigenda krafna á lista skiptaráðanda, sem atkvæðisréttur fylgir, hefði verið leitað, en það var ekki gert.

Samkvæmt 202. gr. siglingalaga fellur sjóveðsréttur, annars konar veðréttindi og önnur eignarhöft niður við nauðungarsölu á skipi hér á landi. Krafa stefnanda í uppboðsandvirði berst hins vegar ekki fyrr en eftir 23. janúar 1990, en skipið er selt nauðungarsölu samkvæmt uppboðsafsali, dagsettu 31. október 1989.

1949

Samkvæmt framanskráðu þykir því ekki unnt að samþykkja kröfur stefnanda í máli þessu.

Adólf Adólfsson, settur héraðsdómari, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum stefnanda í máli þessu er hafnað.
